



Nr. 2/2005
10. janúar 2005

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok desember 2004

Í meðfylgjandi töflu er sýndur efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok desember 2004 og til samanburðar í lok nóvember 2004 og í lok desember 2003.

Þar sem áramótauppgjöri og endurskoðun er ekki að fullu lokið eru tölur fyrir desemberlok 2004 bráðabirgðatölur og kunna þær að taka breytingum í endanlegu uppgjöri.

Seðlabankinn keypti gjaldeyri á innlendum millibankamarkaði fyrir 1,4 milljarða króna í desember sl. í samræmi við áður kynnta áætlun hans um að styrkja gjaldeyrisstöðu sína. Gjaldeyrisforði bankans dróst saman um 1,5 milljarða króna í mánuðinum og nam 65,6 milljörðum króna í lok mánaðarins sem jafngildir 1.074 milljónum Bandaríkjadala miðað við gengi í mánaðarlok. Forðinn jókst um 39 milljónir Bandaríkjadala en framangreind lækkun hans í krónum skýrist af gengistapi þar eð gengi íslensku krónunnar styrktist um 4,4% í desember.

Kröfur Seðlabankans á innlánsstofnanir lækkuðu um 1,1 milljarð króna í desember og námu 31,8 milljörðum króna í lok mánaðarins. Kröfur á aðrar fjármálastofnanir lækkuðu um 0,7 milljarða króna og námu 9 milljörðum króna í mánaðarlok.

Markaðsskráð verðbréf í eigu bankans námu 3,3 milljörðum króna í desemberlok miðað við markaðsverð.

Skuldir Seðlabankans við innlánsstofnanir jukust um 2,4 milljarða króna í mánuðinum og námu 26,9 milljörðum króna í desemberlok, en skuldir við aðrar fjármálastofnanir lækkuðu um 10,9 milljarða króna í mánuðinum.

Nettóinnstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana jukust um 8 milljarða króna og námu 17,8 milljörðum króna í lok desember.

Grunnfé bankans hækkaði í desember um 2,9 milljarða króna og nam 38,6 milljörðum króna í mánaðarlok.

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Seðlabanka Íslands og Erla Árnadóttir aðalbókari í síma 569-9600.

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands 31. desember 2004

	STADA 31.12.03	STADA 30.11.04	STADA 31.12.04	HREYFINGAR 2004 Á árinu Í desember	
EIGNIR	87.307,0	109.950,2	106.604,4	19.297,4	-3.345,8
Erlendar eignir	58.274,1	67.234,1	65.722,9	7.448,7	-1.511,3
a Gull	1.873,2	1.875,9	1.712,2	-160,9	-163,7
b Sérstök dráttarréttindi IMF	3,5	7,9	7,5	4,1	-0,4
c Gjaldeyrisstaða við IMF	1.962,8	1.850,5	1.761,1	-201,7	-89,4
d Erlendir bankar	22.739,6	22.494,4	23.171,6	432,0	677,2
e Erlend verðbréf og ríkisvixlar	31.529,2	40.854,0	38.922,2	7.393,1	-1.931,8
f Erlendar eignir utan forða	165,9	151,3	148,2	-17,7	-3,1
Innlánsstofnanir	24.038,2	32.881,5	31.771,3	7.733,1	-1.110,2
a Endurhverfir samningar	24.038,2	32.881,5	31.771,3	7.733,1	-1.110,2
b Daglán	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
c Aðrar kröfur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Aðrar fjármálastofnanir	4.192,6	9.709,5	8.993,4	4.800,8	-716,1
a Markaðsskráð verðbréf	3.223,2	3.101,1	3.231,6	8,4	130,5
b Endurhverfir samningar	969,4	6.608,3	5.761,8	4.792,4	-846,6
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	715,5	32,1	32,3	-683,2	0,2
a Markaðsskráð spariskírteini	715,5	32,1	32,3	-683,2	0,2
Aðrar eignir	86,5	93,0	84,5	-2,1	-8,5
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	87.307,0	109.950,2	106.604,4	19.297,4	-3.345,8
Erlendar skuldir til skamms tíma	123,6	461,5	142,3	18,7	-319,2
Mótvirði úthlutunar dráttarréttinda IMF	1.734,7	1.635,9	1.555,0	-179,7	-80,9
Seðlar og mynt	10.583,5	11.156,1	11.642,2	1.058,7	486,1
Innlánsstofnanir	11.116,9	24.546,6	26.925,8	15.808,9	2.379,2
a Innstæður	6.615,7	18.993,1	22.519,0	15.903,3	3.525,9
b Bundnar innstæður v/störgreiðslukerfis	3.825,0	1.452,7	2,9	-3.822,1	-1.449,8
c Innstæðubréf	4.501,2	4.100,8	4.403,8	-97,4	303,0
d Aðrar kröfur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Aðrar fjármálastofnanir	33,2	24.545,8	13.680,8	13.647,6	-10.865,0
a Innstæður	33,2	24.545,8	13.680,8	13.647,6	-10.865,0
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	22.900,7	9.809,8	17.832,6	-5.068,0	8.022,9
a Aðalviðskiptareikningar ríkissjóðs	9.689,1	7.732,7	16.274,6	6.585,5	8.542,0
b Ríkisstofnanir	1.207,6	1.282,0	519,4	-688,2	-762,7
c Gjaldeyrisreikningar ríkissjóðs	487,1	795,1	1.038,6	551,5	243,6
d Bundið innlán	11.516,9	0,0	0,0	-11.516,9	0,0
Aðrar skuldir	597,5	552,7	600,2	2,7	47,5
Áætluð afkoma ársins fyrir skatt	.	-2.975,1	-5.991,6	-5.991,6	-3.016,5
Gengishagnaður/-tap á árinu	-3.569,2	-6.502,6	-6.502,6	-2.933,3
Áætlaður hagnaður af rekstri	594,1	511,0	511,0	-83,1
Stofnfé og annað eigið fé	40.217,1	40.217,1	40.217,1	-	-
Líðir til skýringar					
Gjaldeyrisforði (erlendar eignir, a - e)	58.108,2	67.082,8	65.574,7	7.466,5	-1.508,1
Gjaldeyrisstaða, nettó	57.984,6	66.621,3	65.432,4	7.447,8	-1.188,9
Innstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana, nettó	22.185,2	9.777,6	17.800,3	-4.384,9	8.022,6
Kröfur á aðra, bruttó	28.317,4	42.684,0	40.849,2	12.531,8	-1.834,8
Grunnfé	21.700,4	35.702,7	38.568,0	16.867,6	2.865,3

Allar fjárhæðir í milljónum króna